

Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Hálslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2010



Landsvirkjun

Febrúar 2011

Skýrsla LV nr: LV-2011-030

Dags: Febrúar 2011

Fjöldi síðna: 14 Upplag: 20 Dreifing: ☒ Opin ☐ Takmörkuð til

Titill: Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2010

Höfundar / fyrirtæki: Gerður Guðmundsdóttir / Náttúrustofa Austurlands / NA-110105

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____


Útdráttur: Mælingar á fallryki hafa staðið yfir með svipuðum hætti frá 2005. Tilgangurinn er að meta hlut Háslóns í rykmistri sem berst af Brúaröræfum yfir nágrenni Háslóns og Fljótsdalshérað. Fallryksmælar voru gerðir virkir um miðjan maí í byggð og um miðjan júní á Brúaröræfum. Skipt er um söfnunarílat á mánaðrfresti. Þeir voru teknir niður um miðjan október, og gáfu þannig 5 mánaðargildi í byggð og 4 mánaðargildi á hálendinu. Fallryk mældist alltaf undir viðmiðunarmörkum um loftgæði í góðu lagi. Áréttuð er nauðsyn þess að koma mælum við Háslón upp sem allra fyrst á vorin vegna þess að jafnaðarlega er mest hætt á uppfoki úr lónstæði frá því að lónbotninn þornar og þar til hátt er orðið í lóninu.

Lykilorð: Fallryk, mistur, Brúaröræfi, Fljótsdalshérað, Háslón, Kárahnjúkavirkjun

ISBN nr: _____

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar





Landsvirkjun

Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Háslón,
á Brúaröræfum og í byggð
á Fljótsdalshéraði sumarið 2010



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Febrúar 2011

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	1
2. Aðferðir	2
2.1 Mælistöðvar.....	3
2.2 Fallryksmælar.....	4
2.3 Mælingar 2010	5
2.4 Úrvinnsla gagna	8
3. Niðurstöður mælinga 2010	9
4. Umræða.....	11
4.1 Tíðarfar	11
4.2 Fallryk sumarið 2010	11
5. Heimildir	14

VIÐAUKI I - Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI II - Fallryksmælingar 2009

VIÐAUKI III - Skráning umsjónarmanns 2009

VIÐAUKI IV – Vindhraði, hiti og úrkoma á nokkrum veðurathugunarstöðvum á Austurlandi sumarið 2010

VIÐAUKI V- Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðinni við Kárahnjúka 10-11, 14-17 og 30. júní og 1. júlí 2010

1. INNGANGUR

Mælingar á fallryki við Háslón og víðar á hálendinu og í byggð austanlands hafa farið fram árlega frá sumrinu 2005. Tilgangurinn er að fylgjast með jarðefnafoki sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs. Er það einkum gert til að meta hvort áfokið komi frá bökkum Háslóns eða frá öðrum svæðum í kring. Þekkt jarðefnafoksvæði eru áreyrar Jökulsár á Fjöllum sem liggja vestan við Háslón (Alcoa og Landsvirkjun 2005).

Með því að nýta veðurfarsgögn frá veðurstöðvum sem eru nálægt mælistöðvum fallryks er hægt að áætla hvaðan áfokið kemur. Þessar upplýsingar eru einkum mikilvægar snemma sumars eftir að snjóa leysir. Þá er vatnsstaða Háslóns í lágmarki og mest hætta á jarðefnafoki frá bökkum lónsins þegar jarðvegur fer að þorna. Seinnipart sumars ca. á tímabilinu frá júlilokum til til miðs ágúst fyllist Háslón. Líkur á áfoki minnka smám saman eftir því sem líður á sumarið þar til lónið hefur fyllst. Háslón fylltist í fyrsta skipti haustið 2007. Með því að hefja mælingarnar á fallryki sumarið 2005 var fengið nokkurskonar grunnástand um magn fallryks á þessu svæði áður en áhrifa frá Háslóni fer að gæta.

Háslón liggur í 600-700 metra hæð yfir sjó. Verði mikið jarðefnafok frá bökkum Háslóns er það talið geta valdið tjóni á gróðri. Austan við Háslón eru vel gróin svæði með samfelld gróðurlendi. Gróðurinn í kringum Háslón telst til verðmætra svæða þar sem gróður á landi svo hátt yfir sjó er fremur sjaldgæfur. Unnið hefur verið að ýmsum mótvægisáðgerðum til að hindra áfok frá strönd Háslóns í þeim tilgangi að vernda gróðurinn umhverfis lónið. Má þar nefna skurð meðfram strandlengju lónsins, foggirðingar, sáningu í áfoksgeira og styrkingu á núverandi gróðri ofan strandar (Pétur Ingólfsson og Sveinn Runólfsson 2010, Ólafur Arnalds o.fl. 2010).

Mælingar á fallryki með þeirri aðferð sem notuð er í þessu verkefni hefur ekki verið mikið notuð hér á landi (Sigurbjörg Gísladóttir 1985, Pétur Ingólfsson og Sveinn Runólfsson 2010). Víða um heim þar sem verið er að fylgjast með ákomu fallryks hefur þessi aðferð verið notuð (European Commission 2000, Ministry for the Environment 2001, Karsten Fuglsang o.fl. 2003).

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður mælinga á fallryki í byggð á Fljótsdalshéraði, við Háslón og á Brúaröræfum sumarið 2010. Það er sjötta sumarið sem slíkar mælingar á fallryki fara fram og þriðja sumarið eftir að Háslón fylltist af vatni.

2. AÐFERÐIR

Fallryksmælar eru settir upp á vorin. Á hálendinu er það gert um leið og snjóá leysir og fært er um svæðið en oft um mánuði fyrr í byggð. Sumarið 2010 voru fallryksmælar settir upp í byggð um miðjan maí en um miðjan júní á hálendinu. Árni J. Óðinsson, starfsmaður í Fljótsdalsstöð sér um að setja mælana upp og tæma þá. Skipt var um ílát í fallryksmælum á u.þ.b. 30 daga fresti og sýnum komið til Matís ohf í Neskaupstað þar sem gerðar voru mælingar á magni fallryks í sýnum.


Magn fallryks hefur verið mælt árlega yfir sumartímenn á völdum stöðum frá árinu 2005. Staðsetning á fallryksmælum var upphaflega valin með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkans, aðgengi að svæðum, að lítil hætta væri af ágangi dýra og að þeir væru utan svæða þar sem væri jarðrask eða önnur starfsemi sem hefði rykmyndun í för með sér (Snorri Páll Kjara og Hjalti Sigurjónsson 2004, Ingvar Björnsson 2006). Árið 2009 var bætt við nokkrum fallryksmælum norðan og austan við Háslón.



Mynd 1. Mælistaðir fallryks. Kortagrunnur, IS50V (c) Landmælingar Íslands, leyfi L04040003 (LV).

2.1 Mælistöðvar

Fallryk var mælt á 18 stöðum sumarið 2010 eins og árið á undan. Í byggð voru fjórar mælistöðvar (við Strönd, í Hólmatungu, við Hvanná 2 og á Brú). Við Háslón voru fimm stöðvar austan við Háslón (á Búrfellstöglum, SV við Sandfell, í Lindum, í Kofaöldu og við Sauða). Þrjár mælistöðvar voru norðan Háslóns (í Hafrahvömmum, undir Hallarfjalli og í Smjörtungum). Þrjár mælistöðvar voru vestan við Háslón (tvær voru í Sauðárdal og ein vestan Sauðárdals). Á Brúaröræfum voru þrjár mælistöðvar (í Fagradal, í Arnardal og við Breiðastykki) (Mynd 1, bls. 2). Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaðina er að finna í viðauka I.




Mynd 2. Horft til suðurs inná Brúardali. Háslón í fjarska (Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson 2010).


2.2 Fallryksmælar

Fallryksmælar til söfnunar á ryksýnum eru samkvæmt norskum staðli NS 4852 og frágangur mæla og söfnun sýna eru einnig samkvæmt honum. Þessi staðall NS 4852 er sambærilegur við ISO staðal (International Standardization Organization) ISO/DIS 4222.2 (Karsten Fuglsang o.fl. 2003).


Söfnunarílát eru úr plasti, sívöl 200 mm í þvermál og 400 mm há. Í þau eru settir 500 ml af 5% 2-methoxyethanoli (til að hindra bakteríu- og þörungavöxt og að vatn frjósi) og þeim komið fyrir í grind á stöng, þannig að efri brún ílátsins er um það bil 2 m yfir þeim stað þar sem mælirinn er settur (Mynd 3) (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).



Mynd 3. a) Söfnunarílát úr plasti,



b) Söfnunarílát í grind,



c) Fallryksmælir

Skipt er um ílát á um það bil 30 daga fresti og þurrefni sýnanna vigtuð hjá Matís ohf í Neskaupstað. Við skipti á íláti er skráð dagsetning og hvort einhverjar sérstakar aðstæður geti haft áhrif á niðurstöður mælinga. Umsjónarmaður með mælunum lýsir veðurfari um söfnunartímann hvert sinn. Nánari lýsingu á fallryksmælum og aðferð við sýnatöku og vigtun er að finna í NS 4852 (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).



Mynd 4. Háslón 8.júlí 2009. Séð til suðurs að Brúarjökli (Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson).

2.3 Mælingar 2010

Sumarið 2010 var mælt á 18 stöðum líkt og árið á undan, fjórir mælar í byggð, ellefu umhverfis Háslón og þrír á Brúaröræfum.

Fallryksmælar í byggð voru settir út um miðjan maí og fallryksmælar við Háslón og á Brúaröræfum um miðjan júní. Öllum mælingum var hætt um miðjan október. Skipt var um söfnunarílát á um 30 daga fresti og voru mörk mælitímabila sem næst miðjum mánuði (30 daga fresti $\pm$ 2 dagar).

Í byggð voru söfnunarílát sett upp 18. maí og tekin niður 15. október (mælar 4 og 5) og 16 október (mælar 1 og 3). Mælt var í 5 mánuði, þ.e. 5 sýni fengust af hverjum mælistað.



Mynd 5. Fallryksmælir við Hvanná 2 (Ljósmynd: Gerður Guðmundsdóttir 2008).

Á svæðinu í kringum Háslón voru söfnunarílát sett upp 15. júní, og tekin niður 15. október (mælar 6 til 11 og 15 til 19). Mælt var í 4 mánuði, þ.e. 4 sýni fengust af hverjum mælistað.



Mynd 6. Verið að setja upp fallryksmæli NV við Sauða. Töðuhraukar í Kringilsárrana í baksýn. (Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson 2010).



Mynd 7. Fallryksmælir SV við Sandfell. Fremsta Hvannstóðsfjallið í baksýn handan Háslóns (Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson 2010).



Mynd 8. Mynd tekin nálægt fallryksmæli í norður frá norðanverðu Búrfelli. Þríhyrningur í baksýn (Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson 2010).

Á Brúaröræfum voru söfnunarílát sett upp 15. júní (mælar 13 og 14) og 16. júní (mælir 12) og tekin niður 15. október. Mælt var í 4 mánuði, þ.e. 4 sýni fengust af hverjum mælistað.

2.4 Úrvinnsla gagna

Á Íslandi eru reglur um loftgæðamörk fyrir fallryk úr andrúmslofti þannig að styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt má ekki vera yfir 10 g/m^2 miðað við mánaðar söfnunartíma. Fallryk er skilgreint sem ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (Reglugerð nr. 817/2002). Í reglugerðinni er 10 g/m^2 eina viðmiðið. Í skýrslu Hollustuverndar ríkisins frá 1985 um fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði eru settar fram tillögur um loftgæðamörk fyrir fallryk þar sem viðmiðið er að fallryk milli 5 og 10 g/m^2 á 30 daga tímabili er talið í lagi en ef fallryk er minna en 5 g/m^2 eru loftgæði í góðu lagi (Tafla1) (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Tafla 1. Loftgæðamörk fyrir fallryk miðað við mánaðar söfnunartíma (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Ástand	Magn
Óviðunandi	$> 10 \text{ g/m}^2$
í lagi	$5\text{-}10 \text{ g/m}^2$
Gott	$< 5 \text{ g/m}^2$

Niðurstöður mælinga sumarið 2010 frá öllum mælistöðum og tímabilum eru metin út frá viðmiðunarmörkum sem sýnd eru í töflu 1. Til að áætla magn fallryks á fermetra var notuð jafnan:

$$m_A = m_1 * \frac{10^4}{A} * \frac{30}{T}$$

Þar sem

m_A er fallryk, sem ekki er vatnsleysanlegt, í g/m^2 yfir 30 daga

m_1 er fallryk í söfnunaríláti í g

A er flatarmál söfnunaríláts í cm^2

T er mælitíminn í sólarhringum

(NS 4852, Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).


Aflað var veðurfarsgagna frá sjálfvirkum veðurstöðvum Landsvirkjunar við Kárahnjúka, á Eyjabökkum og Brúaröræfum, stöðvum Veðurstofunnar á Hallormsstað, Egilsstaðflugvelli, í Möðrudal og Brú á Jökuldal, sjálfvirkri veðurstöð Siglingamálastofnunar í Bjarnarey og sjálfvirkri veðurstöð Orkustofnunar við Upptýppinga (Viðauki IV). Stuðst er við upplýsingar um vind, hitastig og úrkomu þar sem það eru þættir sem geta haft áhrif á magn ryks. Á nokkrum tímabilum voru einnig fengnar nánari upplýsingar um vind frá veðurstöðinni við Kárahnjúka, þ.e. vindáttir (Viðauki V).

3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA 2010

Sumarið 2010 mældist ákoma fallryks á öllum mælistöðvum alltaf undir viðmiðunarmörkum um loftgæðamörk fyrir fallryk. Mest fallryk mældist í mæli 4 á Hvanná á tímabilinu júlí/ágúst og næstmest mældist það á mælum 18 við Sandfell og 19 við Sauða austan við Háslón á tímabilinu júní/júlí (Tafla 2 og Mynd 9).

Í byggð mældist fallryk í mæli 4 á Hvanná um 3 g/m^2 á tímabilinu júlí/ágúst. Á tímabilinu júní/júlí mældist fallryk þar um $1,6 \text{ g/m}^2$ en mældist á öðrum tímabilum undir $0,6 \text{ g/m}^2$. Á öðrum fallryksmælum í byggð, mæli 1 á Strönd, mæli 3 í Hólmatungu og mæli 5 á Brú mældist fallryk alltaf undir $0,8 \text{ g/m}^2$ (Tafla 2 og Mynd 9).

Á mælistöðvum austan við Háslón mældist fallryk mest á tímabilinu júní/júlí á mælistöðum næst Háslóni, í mæli 19 við Sauða $1,7 \text{ g/m}^2$ og í mæli 18 við Sandfell $1,4 \text{ g/m}^2$. Á öðrum tímabilum mældist fallryk á þessum stöðvum undir $0,6 \text{ g/m}^2$. Í mæli 10 á Búrfellstöglum mældist fallryk um $0,6 \text{ g/m}^2$ á tímabilinu júní/júlí en var á öðrum tímabilum undir $0,3 \text{ g/m}^2$. Í mæli 6 við Lindur og 7 í Kofalda mældist fallryk alltaf undir $0,5 \text{ g/m}^2$ (Tafla 2 og Mynd 9).




Mynd 9. Fallryk (g/m^2) á mælistöðvum í byggð á Fljótsdalshéraði og á svæðinu austan við Háslón sumarið 2010.

Á mælistöðvum norðan við Háslón mældist fallryk mest á tímabilinu júní/júlí í mæli 17 við Smjörtungu um $0,8 \text{ g/m}^2$ og í mæli 16 við Hallarfjall $0,7 \text{ g/m}^2$. Í mæli 15 við Hafrahvamma mældist fallryk mest á tímabilunum júní/júlí og ágúst/september, um $0,7 \text{ g/m}^2$. Á öðrum tímabilum mældist fallryk norðan við Háslón undir $0,5 \text{ g/m}^2$ (Tafla 2 og Mynd 10).

Vestan við Háslón mældist mest fallryk á tímabilinu júní/júlí í mæli 8 í Sauðárdal um $0,7 \text{ g/m}^2$ en mældist annars alltaf undir $0,6 \text{ g/m}^2$ á þessu svæði (Tafla 2 og Mynd 10).

Á þremur mælistöðvum á Brúaröræfum mældist fallryk alltaf undir $0,7 \text{ g/m}^2$ (Tafla 2 og Mynd 10).



Mynd 10. Fallryk (g/m^2) á mælistöðvum norðan og vestan við Háslón og á Brúaröræfum.

Tafla 2. Niðurstöður mælinga á fallryki í byggð á Fljótsdalshéraði, við Háslón og á Brúaröræfum sumarið 2010.

Tímabil	Mælistaðir í byggð				Austan Háslóns				
	1 Strönd g/m^2	3 Hólmát. g/m^2	4 Hvanná g/m^2	5 Brú g/m^2	10 Búrf.tögl g/m^2	18 við Sandfell g/m^2	6 Lindur g/m^2	7 Kofalda g/m^2	19 við Sauðá g/m^2
maí/júní	0,784	0,056	0,379	0,695					
júní/júlí	0,158	0,263	1,587	0,119	0,589	1,439	0,092	0,347	1,687
júlí/ágúst	0,408	0,362	3,002	0,716	0,283	0,546	0,295	0,403	0,513
ágúst/sept	0,262	0,236	0,542	0,598	0,280	0,490	0,496	0,308	0,342
sept/okt	0,553	0,553	0,263	0,254	0,016	0,237	0,326	0,204	0,277

Tímabil	Norðan Háslóns			Vestan Háslóns			Brúaröræfi		
	17 Smjört. g/m^2	16 Hallarfj. g/m^2	15 Hafrahv. g/m^2	8 Sauðárd 1 g/m^2	11 Sauðárd 2 g/m^2	9 Ve.Sárd. g/m^2	14 Fagrid. g/m^2	13 Arnard. g/m^2	12 Breiðast. g/m^2
júní/júlí	0,812	0,662	0,659	0,707	0,350	0,538	0,646	0,446	0,214
júlí/ágúst	0,200	0,191	0,162	0,515	0,359	0,362	0,310	0,640	0,295
ágúst/sept	0,410	0,277	0,681	0,306	0,407	0,484	0,427	0,605	0,321
sept/okt	0,086	0,188	0,323	0,254	0,303	0,280	0,227	0,273	0,682

4. UMRÆÐA

4.1 Tíðarfar

Veturinn 2009-2010 var snjóléttari en undanfarnir tveir vetur. Á hálendinu voru snjóalög minni og jörð varð auð og þurr fyrr. Seinnipart vetrar og fram á vor var veður fremur rólegt, þ.e. án stórviðra og hiti var fyrir ofan meðaltal. Sumarið var án mikilla vinda. Ekki þurfti að bæta vatni í söfnunarílátin á milli þess sem skipt var um þau sem gefur til kynna að einhver úrkoma hefur verið, einkum í júlí og ágúst en júní og september voru eitthvað þurrari (Viðauki III, Árni Óðinsson tölvupóstur desember 2010).

Samkvæmt vef Veðurstofunnar var meðalvindhraði yfir landið í heild árið 2010 sá minnsti sem mælt hefur frá árinu 1965, en tekið er fram að nokkur óvissa sé í þessum samanburði. Illviðradagar voru einnig áberandi færri en í meðalári. Það sem af er þessari öld hafa illviðri verið fátíðari en oftast var á síðari hluta þeirrar tuttugustu (Veðurstofa Íslands 2010).

4.2 Fallryk sumarið 2010

Niðurstöður fallryksmælinga sumarið 2010 sýna að fallryk mældist alltaf undir viðmiðunarmörkum fyrir loftgæðamörk fallryks. Veður voru þannig að ekki hefur verið mikið jarðvegsfok sem hefur skilað því að lítið ryk fór í fallryksmælana.

Mest fallryk mældist á tímabilinu júlí/ágúst í mæli 4 við Hvanná, um 3 g/m^2 . Þar sem þetta var nokkuð meira magn en í öllum öðrum mælum á þessu tímabili var skýringa leitað á staðnum. Ástæðan fyrir því að það mældist meira ryk þar en á öðrum mælistöðum er líklega sú að þegar verið var að heyja var mikið keyrt eftir gömlum malarvegi, sem á öðrum tímum er ekki mikið keyrður, í húskofa sem liggur rétt hjá fallryksmælinum. Við það hefur trúlega þyrlast upp ryk frá veginum og í fallryksmælinn (Arnór Benediktsson, Hvanná 2, símtal í janúar 2011). Þetta á líklega einnig við á tímabilinu júní/júlí (Tafla 2, bls. 10).

Á tímabilinu 15. júní - 15. júlí mældist fallryk talsvert meira í tveimur mælum austan Háslóns en öðrum mælum á hálendinu, í mælum 18 við Sandfell og 19 við Sauðá. Mæligildin voru þó langt undir viðmiðunarmörkum um loftgæði fyrir fallryk (Tafla 2, bls. 10). Báðir þessir fallryksmælar eru staðsettir nálægt Háslóni. Um miðjan júní voru suðvestan vindar og fór vindhraði mest í $13 - 14 \text{ m/s}$ (10 mín meðaltal) og vindhviður í $17-18 \text{ m/s}$ á veðurstöðinni við Kárahnjúka (Viðauki V). Þessir mælar eru staðsettir nær Háslóni en aðrir fallryksmælar og er það líkleg skýring á því að þeir sýni meira fallryk. Jarðvegur hefur trúlega verið farinn að þorna þar sem úrkoma var lítil í júní sem hefur gert það að verkum að finn jarðvegurinn hefur blásið í mælana.

Svipað var upp á teningnum sumarið 2009. Þá mældist meira í mæli 18, við Sandfell, og mæli 19, við Sauðá, á fyrsta tímabili mælinga þegar vatnsstaða í Háslóni var í lágmarki þó það væri vel undir viðmiðunarmörkum um loftgæði fyrir fallryk. Fallryksmælarnir voru gerðir virkir hálfum mánuði seinna það ár vegna þess að snjór var meiri þann vetur og snjóleysingar því seinna á ferðinni (Gerður Guðmundsdóttir 2010).

Mest hætta á áfoki frá bökkum Háslóns er þegar jörð fer að þorna eftir snjóleysingar á vorin og vatnsstaða í lóninu er lág. Þegar jarðvegurinn er þurr þarf ekki mikinn vind til að feykja honum upp. Þegar fallryksmælar voru settir upp um miðjan júní og dagana áður voru suðvestan vindar og þurrt veður með einhverjum vindhviðum á tímabilum yfir daginn. Svipaðar aðstæður voru einnig á svæðinu árið á undan þegar mælar voru settir upp um mánaðarmótin júní/júlí (Gerður Guðmundsdóttir 2010). Það sýnir mikilvægi þess að fallryksmælarnir við Háslón séu settir upp eins snemma og mögulegt er því þessa fyrstu daga sem jörð er þurr er mest hætta á áfoki. Þegar líða fer á júlí minnkar áfokshættan jafnt og þétt þar til lónið fyllist. Sumarið 2010 fylltist Háslón í lok júlí.

Ákoma fallryks hefur nú verið mæld í sex sumur, þar af þrjú sumur þar sem möguleiki hefur verið á áfoki frá bökkum Háslóns. Ekki hafa verið miklir vindar á þeim tíma sem mest hætta er á áfoki frá bökkum lónsins og hefur fallryk nær alltaf mælst undir viðmiðunamörkum um loftgæði fyrir fallryk á þeim tíma.



Mynd 11. Kringilsárfoss og Kringilsárrani t.v. Mynd tekin 27. júní 2009 (Ljósmynd Skarphéðinn G. Þórisson).



Mynd 12. Háslón, Sandfell og Fremri Kárahnjúkur 15.október 2010 (Ljósmynd Skarphéðinn G. Þórisson).



Mynd 13. Háslón, mynd tekin utarlega í Hálsi 15.október 2010 (Ljósmynd Skarphéðinn G. Þórisson).

5. HEIMILDIR

- Alcoa og Landsvirkjun 2005. *Sjálfbærni- og umhverfisáætlunir – Mælingar á árangri Alcoa og Landsvirkjunar við byggingu og rekstur Fjarðaráls og Kárahnjúkavirkjunar. Afangaskýrsla.*
- European Commission 2000. *Ambient air pollution by AS, CD and NI compounds.* Position paper. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, 2001.
- Gerður Guðmundsdóttir 2010. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði, Sumarið 2009.* Landsvirkjun LV 2010/043. NA-100099.
- Ingvar Björnsson 2006. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2005.* Landsvirkjun LV 2006/002
- Karsten Fuglsang, Ole Schleicher og Arne Oxbøl 2003. *Baggrundsdokument for fastsættelse af grænseværdi for nedfald af støv og regulering af støvemissioner fra diffuse kilder,* Miljøprojekt nr. 879, 2003. Miljøstyrelsen, Miljøministeriet 89bls.
<http://www2.mst.dk/Udgiv/publikationer/2003/87-7614-064-4/pdf/87-7614-065-2.pdf>.
- Ministry for the Environment 2001. *Good practice guide for assessing and managing the environmental effects of dust emissions.* New Zealand: Ministry for the Environment 2001.
- NS 4852 1981. *Luftundersøkelser, Uteluft. Måling af støvnedfald, Støvsamler med horisontal samleplate, 2. utg.* Norges Standardiseringsforbund (NFS).
- Ólafur Arnalds, Ása L. Aradóttir og Kristín Svavarsdóttir 2010. *Gróðurrannsóknir vegna bættu á áfoki frá Háslóni.* Landbúnaðarháskóli Íslands, umhverfisdeild. Rit Lbhí nr. 27. LV-2010/088.
- Pétur Ingólfsson og Sveinn Runólfsson 2010. *Staða rofvarna við Háslón.* Landgræðsla ríkisins og Landsvirkjun. LV-2010/049.
- Reglugerð um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. nr. 817/2002.
<http://www.reglugerd.is/>. Skoðað í janúar 2011.
- Sigurbjörg Gísladóttir 1985. *Fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði, desember 1984 - maí 1985.* Reykjavík, Hollustuvernd ríkisins, 34 s.
- Snorri Páll Kjarran og Hjalti Sigurjónsson 2004. *Dreifing ryks af bökkum Háslóns, Afangaskýrsla III.* Verkfræðistofan Vatnaskil unnið fyrir Landsvirkjun LV-2004/84
- Veðurstofa Íslands 2010. Tíðarfar árið 2010.
<http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/2111>. Skoðað í janúar 2011

Viðauki I

Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI I

Hnitskrá (GPS) fyrir mælistaðina er í eftirfarandi töflu

Mælistaðir á Fljótsdalshéraði:	Norður	Vestur
Stöð01 Strönd Vallahreppi	65.09.898	14.36.339
Stöð03 Hólmatunga Hlíðarh	65.38.969	14.21.184
Stöð04 Hvanná 2 Jökuldal	65.21.895	14.49.924
Stöð05 Brú á Jökuldal	65.06.513	15.31.777
 Mælistaðir við Háslón:		
Stöð06 Lindur	64.53.900	15.48.254
Stöð07 Kofaalda	64.50.876	15.49.330
Stöð08 Sauðárdalur	64.56.010	15.53.338
Stöð09 Vestan Sauðárdals	64.54.232	15.57.108
Stöð10 Á Búrfellstöglum	64.55.482	15.43.620
Stöð11 Sauðárdalur	64.54.941	15.55.278
Stöð15 Hafrahvamar	64.58.759	15.46.112
Stöð16 Hallarfjall	65.00.580	15.43.131
Stöð17 Smjötunga	64.58.628	15.41.370
Stöð18 SV við Sandfell Háslóni	64.54.569	15.49.015
Stöð19 NV við Sauðá	64.48.535	15.51.269
 Mælistaðir á Brúaröræfum		
Stöð12 Breiðastykki	65.08.817	15.45.174
Stöð13 Arnardalur	65.06.132	16.05.919
Stöð14 Fagridalur	64.56.016	16.01.595

Viðauki II

Fallryksmælingar 2010

Kárahnjúkavirkjun
Fallryksmælingar 2010
Fallryk í grömmum á tilteknu tímabili

Fljótshálsdalsgröf (mælistaðir í byggð)

Austan Hálsgröf

Ár 2010		Stöð Nr.1	Stöð Nr. 3	Stöð Nr. 4	Stöð Nr. 5	St. Nr. 10	Stöð Nr.18	Stöð Nr. 6	Stöð Nr. 7	Stöð Nr.19
Tímabil	Dagar	Strönd	Hólmatur.	Hvanná	Brú	Búrf.tögl	v. Sandf	Lindur	Kofalda	v. Sauðá
		gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.
18/5-16/6	29	0,0238	0,0017	0,0115	0,0211					
15/6-15/7	30					0,0185	0,0452	0,0029	0,0109	0,053
16/6-14/7	28		0,0077							
16/6-15/7	29	0,0048		0,0482	0,0036					
14/7-16/8	33		0,0125							
15/7-17/8	33	0,0141								
15/7-16/8	32			0,1006	0,024	0,0095	0,0183	0,0099	0,0135	0,0172
16/8-16/9	31			0,0176	0,0194	0,0091	0,0159	0,0161	0,01	0,0111
16/8-17/9	32		0,0079							
17/8-17/9	31	0,0085								
16/9-15/10	29			0,008	0,0077	0,0005	0,0072	0,0099	0,0062	0,0084
17/9-16/10	29	0,0168	0,0168							

Norðan við Hálsgröf

Vestan Hálsgröf

Brúaröræfi

Ár 2010		Stöð Nr.17	Stöð Nr.16	Stöð Nr.15	Stöð Nr. 8	Sr. Nr. 11	Stöð Nr. 9	St. Nr. 14	St. Nr. 13	St. Nr. 12
Tímabil	Dagar	Smjört	Hallarfi	Hafrahv	Sauðárd.	Sauðárd.	VeSárd.	Fagrid.	Arnard.	Breiðastk.
		gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.	gr.
15/6-15/7	30	0,0255	0,0208	0,0207	0,0222	0,011	0,0169	0,0203	0,014	
16/6-15/7	29									0,0065
15/7-16/8	32	0,0067								
15/7-17/8	33		0,0066	0,0056	0,0178	0,0124	0,0125	0,0107	0,0221	0,0102
16/8-16/9	31	0,0133								
17/8-16/9	30		0,0087	0,0214	0,0096	0,0128	0,0152	0,0134	0,019	0,0101
16/9-15/10	29	0,0026	0,0057	0,0098	0,0077	0,0092	0,0085	0,0069	0,0083	0,0207

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns 2010

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Strönd Vallarhreppi Fljótsdalshéraði.

Áfok 1

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 1	N: 65° 09,898' V: 014° 36,339'	500-1000 m innan við bæinn Strönd á Völlum. Þar á grasi grónum Fljótsbakkanum.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	18.maí		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	18.maí	16.jún	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	25.jún	0,0238	
Sýni 2	16.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0048	
Sýni 3	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0141	
Sýni 4	17.ágú	17.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0085	
Sýni 5	17.sep	16.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0168	
			Mælingum hætt 16.10			

Annað

Stöð yfirfarin og gerð klár. Afjónað vatn og 2-methoxyethanoli (98%) sett í söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Hólmatunga í Hlíðarhreppi á Fljótsdalshéraði

Áfok 3

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 3	N: 65° 38,969' V: 014° 21,184	Staðsettur 8-900 m SV bæjar að Hólmatungu í Hlíðarhr, N Hér. Stendur í S horni á túni á bakka Jökulsár. Farvegur Jöklu er sandur en nánasta umhverfi annars slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	18.05. kl. 15:00		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórvíðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	18.maí	16.jún	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	25.jún	0,0017	
Sýni 2	16.jún	14.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0077	
Sýni 3	14.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0125	
Sýni 4	16.ágú	17.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0079	
Sýni 5	17.sep	16.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0168	
			Mælingum hætt 16.10			

Annað

Stöð yfirfarin og gerð klár. Afjónað vatn og 2-methoxyethanoli (98%) sett í söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Hvanná 2, Jökuldal Fljótsdalshéraði

Áfok 4

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 4	N: 65° 21,895' V: 014° 49, 924	Staðsettur við Hvanná 2 á Jökuldal, 3-400 m SV við íbúðarhúsi í jaðri á túni. Land í næsta nágrenni er tiltölulega flatt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	18.05. kl. 14:00		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórvíðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	18.maí	16.jún	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	25.jún	0,0115	
Sýni 2	16.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0482	
Sýni 3	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,1006	
Sýni 4	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0176	
Sýni 5	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0080	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð yfirfarin og gerð klár. Afjónað vatn og 2-methoxyethanoli (98%) sett í söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Brú á Jökuldal Fljótsdalshéraði.

Áfok 5.

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 5	N: 65° 06,513 V: 015° 31, 777	Stöðsettur við hlið veðurathugunarstöðvar LV að Brú á Jökuldal. Næsta umhverfi er slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	18.05. kl.13:00		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	18.maí	16.jún	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	25.jún	0,0211	
Sýni 2	16.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0036	
Sýni 3	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0240	
Sýni 4	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0194	
Sýni 5	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0077	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð yfirfarin og gerð klár. Afjónað vatn og 2-methoxyethanoli (98%) sett í söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Lindur. Vesturöræfum

Áfok 6

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 6	N: 64° 53, 900 V: 015° 48, 254	Staðsett innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi er sléttur nokkuð vel gróinn melur.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0029	
Sýni 2	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0099	
Sýni 3	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0161	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0099	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn skammtur af afjónuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát 15.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Kofaalda á Vesturöræfum

Áfok 7

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 7	N: 64° 50, 876 V: 015° 49, 330	Staðsettur vestan í Kofaöldu á Vestur öræfum, gengt Kringilsá. Innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0109	
Sýni 2	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0135	
Sýni 3	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0100	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0062	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk. Hefðbundinn skammtur af afjönuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarílát. Vökva bætt í ílát 15.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

2010
Sauðárdalur á Brúardölum

Áfok 8

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR.8	N: 64° 56, 010 V: 015° 53, 338	Nokkru ofan hæsta (525 m) lónsstæðis nokkuð vestur af Sauðáadalssstíflu. Umhverfi er sléttur hallandi, sæmilega gróinn melur. Landhalli að Hálslóni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0222	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0178	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0096	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0077	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn skammtur af afjönuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát 16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Vestan Sauðárdals

Áfok 9

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 9	N: 64° 54, 232 V: 015° 57, 108	Stendur á vesturbrún dalsins í 650-670 m,h,y,s. Gegnt Sauðafelli. Þarna er land tiltölulega flatt, og lítið eitt gróið. Ekki fok úr næsta nágrenni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0169	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0125	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0152	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0085	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjónuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Á Búrfellstöglum SV Búrfells

Áfok 10

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 10	N: 64° 55,482 V: 015° 43, 620	Stendur þarna vel í línu fyrir V áttinni frá Háslóni, Stendur á sléttum nokkuð grónum mel, með víðsýni í 3 áttir. (V,S,A)			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0185	
Sýni 2	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0095	
Sýni 3	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0091	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0005	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn skammtur af afjönuðu vatni og 2-methoxyethanoli (98%) var settur í söfnunarílát. Vökva bætt í ílát 16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Sauðárdalur
Áfok 11

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 11	N: 64° 54, 941 V: 015° 55, 278	Stendur nokkuð grónum mel V Sauðárdals u,p,b mitt á milli áfok nr 8 og 9 Þarna er land að mestu slétt og hallandi til dalsins. Hæð u,p,b 660 M y,s			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0110	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0124	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0128	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0092	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjönuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Breiðastykki

Áfok 12

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 12	N: 65° 08, 817 V: 015° 45, 174	Staðsettur V Þríhyrningsfjallgarðs. A við Breiðastykki. Stendur þar á sléttum, nokkuð grónum mel við læk. Hæð y,s u,þ,b 600 m			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	16.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlíð			
Sýni 1	16.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0065	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0102	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0101	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0207	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjönuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Arnardalur, Brúardölum

Áfok 13

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 13	N: 65° 06, 132 V: 016° 05, 919	Staðsettur V. Arnardals á sléttum ógrónum mel u.þ.b 100 m, hægra megin vegar. Kverkfjallal. Næsta umhverfi virðist nokkuð traust og ekki hætta á að trufla sýnatöku. Hæð y,s u,m,þ,b 530 m.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0140	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0221	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0190	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0083	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað
Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjónuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Fagridalur, Brúardölum

Áfok 14

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 14	N: 64° 56, 016 V: 016° 01, 595	Staðsettur A. Fagradals á sléttum, lítt grónum hálsinum. 2-300 m, vestan slóðar sem liggur frá Kverkfjallaleið að Kárahnjúkum Hæð y.s u,þ,b 700 m.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0203	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0107	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0134	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0069	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjónuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Hafravvammur

Áfok 15

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 15	N: 64° 58, 759 V: 015° 46. 112	Staðsettur í Hafravvömmum vestan gljúfra rétt ofan við útsýnisstað. Mælirinn er staðsettur á ágætlega grónum mel.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0207	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0056	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0214	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0098	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjónuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Hallarfjall

Áfok 16

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 16	N: 65° 00.580 V: 015° 43. 131	Staðsettur sunnan undir Hallarfjalli vestan við Hafrahvammagljúfur. Hæð y.s u.þ.b 640 m. Mælirinn er staðsettur á mel sem er að gróa upp vegna landgræðslu á svæðinu.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0208	
Sýni 2	15.júl	17.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0066	
Sýni 3	17.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0087	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0057	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjönuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.
Vökva bætt í ílát
16.07

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
Smjörtunga

Áfok 17

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 17	N: 64° 58.628 V: 015° 41. 370	Staðsettur í Smjörtungum austan við Desjarárdal, milli Búrfells og Fjallkolls. Hæð y,s u,p,b 640 m. Mælir á sléttum mel.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0255	
Sýni 2	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0067	
Sýni 3	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0133	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0026	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjönuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
SV við Sandfell

Áfok 18

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 18	N: 64° 54.569 V: 015° 49. 015	Staðsettur austan við Háslón á öldu við veg. Hæð y,s u,þ,b 620 m. Mælir staðsettur efst á ágætlega grónum mel.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0452	
Sýni 2	15.júl	16.ágú	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	23.ágú	0,0183	
Sýni 3	16.ágú	16.sep	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.sep	0,0159	
Sýni 4	16.sep	15.okt	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.okt	0,0072	
			Mælingum hætt 15.10			

Annað

Stöð gerð tiltæk.
Hefðbundinn
skammtur af afjönuðu
vatni og 2-
methoxyethanoli
(98%) var settur í
söfnunarílát.

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2010
NV við Sauðá

Áfok 19

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 19	N: 64° 48.535 V: 015° 15. 269	Staðsettur austan við Háslón á öldu við veg inn við Sauðá. Hæð y,s u,þ,b 620 m. Gróið svæði næst mæli.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtnun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	15.jún		Veðurfar seinni parts vetrar og fram á vor hefur verið fremur rólegt þ.e. án stórviðra. Hiti hefur verið ofan við meðaltal, minni snjór á hálendinu en í fyrra. Skv. fréttum var vart við ösku frá Eyjafjalljökli þann 18.05 í Jökulsárhlið			
Sýni 1	15.jún	15.júl	Rekstur stöðvar með eðlilegum hætti	20.júl	0,0530	
